

1. Sjóður við árslok 1875:	kr.	ar.
a, lánað mót veði í fasteign og 4% vöxtum, samkvæmt tekjugrein 1. a. b. 1080 rd. eður	2160	»
b, lánað mót veði í fasteign og 4% vöxtum:	kr.	
Jóni Stefánssyni $28\frac{5}{8}$ 75	200	
Sigurði Guðnasyni $17\frac{1}{8}$ 75	600	
Erlendi Jónssyni $11\frac{1}{2}$ 75	100	
Guðjóni Jónassyni $5\frac{1}{2}$ 75	200	
Marteini Halldórssyni $22\frac{2}{3}$ 75	100	
Árna Stefánssyni $25\frac{5}{8}$ 75	100	
c, í vörzlum amtsins	1300	»
	169	15
	3629	15
	Gjöld samtals	3629 15

Akureyri, 31. desemberm. 1876.

Christiansson.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

40 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðinga um prestvígslu hálf-
 25. nóvbr. skólagengings manns. — Út af bönarbrjefi, er hingað kom með þóknanlegu brjefi
 1876 yðar, herra landshöfðingi, frá 10. f. m., og þar sem Jón Bjarnason Straumfjörð, verzlunarbjónn, á nýjan leik fer því á flot, að hann megi vígjast til prests og sækja um eitt af þremur prestaköllum á Íslandi, er hann tilgreinir, þótt hann vanti hin nauðsynlegu skilyrði til að verða skipaður í andlegar stjettar embætti, skal vísað til brjefs kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 25. okt. 1873¹, og yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að þæn þessi verður eigi veitt.

41 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðinga um silfurbergsnámann
 12. desbr. í Helgustaðafjalli. — Í þóknanlegu brjefi frá 28. septbr. f. á. skýrðuð þjer, herra
 1876 landshöfðingi, frá því, að á síðasta alþingi hafi neðri deildin í stað stjórnarfrumvarpsins til laga um sölu á þeim $\frac{1}{4}$ silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli, er landssjóðurinn á, fallizt á frumvarp um að skora á stjórnina að sjá svo fyrir, að lögbanni því, sem samkvæmt brjefi dómsmálastjórnarinnar frá 7. nóvbr. 1872² var lagt á, að eigandinn að $\frac{3}{4}$ þörtum námans ynni hann, yrði þegar af ljett, og náminn, að svo miklu leyti sem hann er landsins eign, unninn á kostnað landssjóðs; en þetta frumvarp hafi verið fellt í efri deild þingsins, er aptur á móti hafi fallizt á lagafrumvarp, er þar hafi verið upp borið, um heimild fyrir stjórnina til að kaupa þá $\frac{3}{4}$ parta námans í Helgustaðafjalli og jarðarinnar Helgustaða, sem landssjóðurinn ekki á, en þetta frumvarp hafi neðri deildin ekki viljað aðhyllast. Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið þessa skýrslu, hefir verið gjörð tilraun til að fá sameigandann til að vinna námann í fjelagi við stjórnina, en hann hefir neitað því, en hins vegar hefir ráðgjafinn þó ástæðu til að ætla, að hann muni enn vera tilleið-

1) Sjá Tíð. um stjórnarm. ísl. III. 679.

2) Sjá Tíðindi um stjórnarm. ísl. III. 532.

anlegur til að láta þann hluta, er hann á í námanum, fyrir verð, er samsvari því verði, er stjórnin hefði ætlað að selja sinn hluta fyrir.

41
12. desbr.
1876

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir alþingi, skal ekki undanfellt að bæta því við, að þótt ekki sje ólíklegt, að eigandi $\frac{3}{4}$ parts námans ætli sjer að nota heimild þá, er lögin (20. kap. kaupab. Jónsb.) veita honum til að fá sameigninni slitið, hefir eptir afdrifum þeim, er málið hlaut á alþingi 1875, ekki þótt nægilegt tilefni til að leggja fyrir alþingi það, er kemur saman næsta ár, lagafrumvarp annaðhvort um sölu námans eða um kaup $\frac{3}{4}$ hans handa landssjóði, og eins hefir ekki heldur þótt nauðsynlegt að hreifa nokkuð við banni því, er lagt var á notkun námans, með því að banni þessu hefir ekki verið fram fylgt með lögsókn, og má því telja það þýðingarlaust að lögum.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um aðgjörð að Vest-* 42
mannaeyja-kirkju. — Í þóknanlegu brjefi frá 16. oktbr. p. á. hafið þjer, herra
landshöfðingi, skýrt frá, að amtmáðurinn yfir suður- og vesturumdæminu hafi lagt það
til, að samþykktur verði samningur milli sýslumannsins á Vestmanna-eyjum og Sigurðar
trjesmiðs Sveinssonar, um aðgjörð fyrir umsamda borgun á austurgaffi Vestmannaeyja-
kirkju, vesturgaffi hennar og veggjum að utan og um að kalka veggina að innan. Ráð-
ið þjer frá aðgjörð á vesturgaffi kirkjunnar, með því að hún muni vera ónauðsynleg, en
leggið til, að veittar verði 400 kr. eða fram undir það af landssjóði, til þess að gjöra að
austurgaffi kirkjunnar, og ef nauðsynlegt er kalka hana innan, og ráðleggið þjer af ástæð-
um þeim, er þjer tilgreinið betur, að falið verði Sigurði Sveinssyni á hendur að leysa
þetta verk af hendi fyrir daglaun, í stað þess að láta hann taka að sjer alla viðgerðina
fyrir tiltekna borgun í einu lagi.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar
leiðbeiningar, birtingar og ráðstafanar, að tillögur yðar eru hjér með samþykktar, og verð-
ur að taka kostnaðinn af hlut ráðgjafans í fje því, sem til er tekið í 16. gr. fjárlaganna,
að svo miklu leyti sem eigi verður staðinn straumur af honum með því, sem kirkjan á
sjálf til. En til þess að ihugað verði betur, hvort ráð sje að fá Sigurði Sveinssyni á-
minnst verk í hendur, skal eigi undanfellt að leiða athygli yðar jafnframt að því, herra
landshöfðingi, að hann samkvæmt skýrslu sýslumannsins á Vestmannaeyjum frá 5. maí
1874, þá hefir sagzt alls ekki geta tekið að sjer aðgerðina á austurgaffi kirkjunnar, það
myndi verða tómst steinsmíði.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr Thorchillii-* 43
sjóði. — Þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 27. nóvbr. f. á. fylgdu nánari
skýringar um bónarbrjef síra Þórarins prófests Böðvarssonar um, að honum verði veitt
2—3000 kr. vaxtalaust lán til þess að endurbæta og laga íbúðarhús, er hann hefði keypt
í Hafnarfirði og ætlað til skóla fyrir börn og fullorðna af almúgastjett.

Út af þessu skal vísað til niðurlagsins á brjefi ráðgjafans frá 6. júlí f. á.¹ og
tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að þen þessi verður eigi veitt.

1) Sjá Stjórnartíðindi B, 1876,—85 (bls. 85).